



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/137

Alþingi
Erindi nr. P 126/1997

komudagur 24.4.2001

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

24. apríl 2001

Efni: Frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 566. mál.

Að gefnu tilefni skal eftirfarandi áréttað varðandi frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu:

Fyrir liggur, að frumvarpinu er ætlað að vera almenn lög um vexti og verðtryggingu. Ekki sé því ætlunin að raska ákvæðum sérlaga um töku vaxta og útreikning þeirra. Í samræmi við þetta er í frumvarpinu ekki vikið að einstökum kröfuflokkum, með einni undantekningu þó. Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað sérstaklega um vexti af skaðabótakröfum. Er slíkt raunar einnig gert í gildandi vaxtalögum, sem að stofni til eru frá árinu 1987. Það, sem hefur á hinn bóginn gerst frá því ári, er að sett hafa verið sérstök skaðabótalög, þ.e. lög nr. 50/1993. Sýnist eðlilegra og í meira samræmi við markmið frumvarpsins, að um vexti af skaðabótakröfum væri fjallað í skaðabótalögum. Á þetta sjónarmið við, þótt ákvæðum frumvarpsins sé m.a. ætlað að ná til skaðabótakrafna innan samninga, sem ekki hafa fallið undir skaðabótalögin. Enga skýringu er heldur í frumvarpinu að finna á því, að vextir af skaðabótakröfum, sem ekki falla skýlaust undir skaðabótalögin, eigi að vera aðrir og grundvallast á öðrum sjónarmiðum heldur en kröfur skv. skaðabótalögum. Að mati Sambands íslenskra tryggingafélaga er ástæða til að endurskoða í heild sinni reglur um vexti og skaðabætur. Í því efni hljóti einnig að verða horft til laga um váttryggingasamninga nr. 20/1954, en þess má geta að upphafstími dráttarvaxta af váttryggingarkröfu og skaðabótakröfu er ekki hinn sami.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Sigmar Arnarsson